

5. maí 2012

Á 44. fundi bæjarráðs Norðurþings þann 3. maí 2012 var tillaga frá Atvinnuveganefnd Alþingis, 727. mál til umsagnar, tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Norðurþing lýsir andstöðu við að Gjástykki sé i verndarflokki og krefst þess að iðnaðar- og umhverfisráðherra geri breytingar á tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun að því er varðar Gjástykki til samræmis við meginniðurstöðu faghópa og gildandi svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Bæjarráð vísar til og ítrekar fyrri afstöðu sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarráðs Norðurþings

f.h. Norðurþings
Bergþóra Höskuldsdóttir